

776. fundur

Árið 2022, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 16. febrúar, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær

Mætt eru: Laufey Erlendsdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Ingþór Guðmundsson, Kolbrún Jóna Pétursdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ingþór Guðmundsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- 1. Almenningsamgöngur. Dómsmál S.S.S. gegn íslenska ríkinu. Gestur: Unnar S. Bjarndal, lögmaður.*

Lögmaður S.S.S. fór yfir niðurstöðu dómsmáls nr. 659/2020 en dómur féll þann 11. febrúar 2022. Landsdómur sýknar Íslenskra ríkið af kröfu um skaðabætur vegna missi hagnaðar vegna afturkallaðs einkaleyfis á áætlunarleiðinni Flugstöð Leifs Eiríkssonar og höfuðborgarsvæðisins. Dómurinn telur að réttlætanlegt kunni að vera að stefnanda, eins og löggjafanum og Vegagerðinni, hafi í upphafi yfirsést að samkvæmt reglugerð EB. nr. 1370/2007 mætti ekki veita einkaleyfi til almennra farþegaflutninga á þeim akstursleiðunum þar sem fyrirtæki á samkeppnismarkaði veita fullnægjandi þjónustu. Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra og lögmanni falið að vinna málið áfram.
- 2. Kynning á niðurstöðum könnunar, Reykjanes – ímynd og viðhorf. Gestur: Kristján Hjálmarsson frá H&N.*

Stjórn S.S.S. þakka fyrir góða og áhugaverða kynningu.
- 3. Erindi frá Starfshópi Velferðarnetsins, dags. 7. febrúar. Efni: Beiðni um umsögn um nýsköpunaráætlun.*

Stjórn S.S.S. þakkar starfshópi Velferðarnetsins fyrir góða og nákvæma áætlun og gerir engar athugasemdir við hana. Tekur jafnframt undir með starfshópnum að samvinna samstarfsaðila skapi tækifæri til framþróunar í velferðarþjónustu á Suðurnesjum.

4. *Erindi frá Umboðsmanni barna, dags. 28. janúar. Efni: Mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og réttur barna til þátttöku og áhrifa.*
Lagt fram. Stjórn S.S.S. tekur undir sjónarmið Umboðsmanns barna enda eru ungmennaráð starfandi í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum.
5. *Tölvupóstur frá Hildi J. Gísladóttur f.h. Vinnumálastofnunnar, dags. 24. janúar. Efni: Beiðni um aukna samvinnu vegna atvinnuleitenda með skerta starfsgetu.*
Lagt fram. Stjórn S.S.S. hvetur aðildarsveitarfélög sín til að skoða hvort þau geti aukið samvinnu við Vinnumálastofnun vegna atvinnuleitenda með skerta starfsgetu. Framkvæmdastjóra falið að áframsenda erindið til aðildarsveitarfélaga.
6. *Sóknaráætlanir landshluta – minnisblað dags. 13. janúar.*
Í minnisblaði dags. 13. janúar 2022 kemur fram að framlög til Suðurnesja hafa verið hækkuð um 16,1% á milli áranna 2021 og 2022. Heildarframlag verður því kr. 96.761.614,- og hækkun í krónum talið upp á kr. 13.404.955,-. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra verkefni skv. hækkun.
7. *Starfrænt ráð sveitarfélaganna. Kynningarglærur: Horft til baka og framtíðin.*
Lagt fram til kynningar. Gert er ráð fyrir að mótuð verði stafræn stefna á næsta Landsþingi Sambands íslenska sveitarfélaga og því er mikilvægt að kjörnir fulltrúar kynni sér gögnin vel.
8. *Beiðni um umsagnir frá Nefndarsviði Alþingis.*
 - a. *Frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2, 11. mál. Slóð á þingskjal*
<https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0011.pdf>
Lagt fram.
 - b. *Þingsályktun um byggingu hátækisörpibrennslustöðvar, 197.mál. Slóð á þingskjal* <https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0206.pdf>
Lagt fram.



- c. Þingsályktun um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis, 93.mál. Slóð á þingskjal <https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0093.pdf>
Lagt fram.
- d. Frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög, 118.mál. Slóð á þingskjal <https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0118.pdf>.
Lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10.

Laufey Erlendsdóttir

Kolbrún Jóna Pétursdóttir

Hjálmar Hallgrímsson

Ingbór Guðmundsson

Berglind Kristinsdóttir